

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Reykjavík, 25. mars 2025
Tilvísun: 25031012

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Artic Sea Farm ehf.	Kennitala: 700807-0450
Heimilisfang: Sindragata 10, 400 Ísafjörður	Leyfisnr: FE-1219
Eldissvæði: Kvígindisdalur, Patreksfjörður	
Stöðvarstjóri: Ísak Óskarsson	Dags.: 13.mars 2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Nei	Óboðað eftirlit : Nei
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Já	Tegund eftirlit: annað

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Berglind Helga Bergsdóttir sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma og Nancy Rut Helgadóttir sérfræðingur fiskeldisdeildar fóru í eftirlit í Kvígindisdal í Patreksfirði þann 13.03.2025. Viðstaddur eftirlit var Ísak Óskarsson stöðvarstjóri.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

I. UMHVERFI, HREINLÆTI OG SMITVARNIR:

- **Búningsaðstaða:** búningsaðstaða á Patreksfirði hýsir starfsfólk frá einu eldissvæði í Kvígindisdal.

Alvarlegt frávik

- Mikill músagangur í starfsmannaaðstöðu, mýs í músagildrum, þvag og saur frá músum á gólfi og göt í veggjum eftir mýs.
- Smitvörnum í starfsmannaaðstöðu ábótavant, óreiða var að fatnaði starfsfólks með engum skýrum skiptingum milli hreins og óhreins fatnaðar og enginn sótthreinsibakki/motta á gólfi. Viðhaldi starfsmannaaðstöðu ábótavant og ekki hægt að þrifa með góðu móti. Óreiða og óþarfa hlutir í aðstöðu.
- Fóður ekki til staðar í aðstöðu á skoðunardegi, hinsvegar kom í ljós að fóður hafði verið geymt þar áður og mun verða geymt í húsnæðinu aftur. Fóðurgeymslan er ekki aðskilin og hafa mýs greiðan aðgang að fóðrinu.



Í reglugerð um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum (nr. 300/2018) segir m.a. í 15 gr.: „Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrifa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði.“ Í sömu grein kemur einnig fram: „Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum eldisstöðvar og vera með sérinngangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við móttöku fóðurs og annarra aðfanga skal gæta að smitvörnum og meindýravörnum. Fóðurgeymsla og aðgengi að henni skal vera hreint og þurrt og tryggt að fóður mengist ekki, þannig að eldisdýrum geti stafað smithætta af. Fóðurbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á mengun sé í lágmarki.“

- Eldissvæði og vinnubátur: **án aths.**
- Umhirða eldisfiska - **án aths**
- Aukaafurðir dýra - **án aths**

II. DÝRAVELFERÐ, SJÚKDÓMAEFTIRLIT OG SÝNATÖKUR:

- Þéttleiki - **án aths**
- Helstu sjúkdómavandamál/lyfjagjafir - **án aths**
- Heilbrigði og forvarnir- **án aths**
- Umhverfi- **án aths**
- Aflifun - **án aths**
- Varsla efna/lyfja- **án aths**

Kröfur til úrbóta: gert er körfu um að búningsaðstaða verði bætt. Stofnunin kallar eftir að úrbótaáætlun verði send stofnuninni eigi síðar en 4. apríl 2025.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar**. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.
Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Berglind Helga Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma.

Berglind Helga Bergsdóttir

